



Hreppsnefnd 6. nóvember 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 6. nóv. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 6. nóv. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Janframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 23. okt. sl. Farið yfir fundargerðina hún rædd og spurt var um framgang máls 2, Vopnfirðingar Virkja, og hvort auglýst yrði eftir starfskrafti í heila eða ½ stöðu í verkefnið. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 30. okt. sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.
3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 30. okt. sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.
4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 6. nóv. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.
5. mál. Fundur í stjórn brunavarna Vopnafjarðarhrepps, Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps frá 31. okt. sl. Slökkviliðsstjórinn Björn Heiða lagði fram og skýrði hugmyndir um að tryggja öruggari vaktaviðveru í slökkviliðinu án þess að til kostnaðarauka komi. Mjög góðar undirtektir urðu um þær hugmyndir meðal hreppsnefndarmanna. Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu.
6. mál. Kaupvangur, næsti áfangi. Sveitarstjóri skýrði hvernig framkvæmdir við Kaupvang stæðu. Rætt um hvernig standa ætti að næsta áfanga framkvæmdanna meðal annars með tilliti til framkvæmdahraða og vals á verktaka. Endanleg úboðsgögn munu liggja fyrir innan viku.
7. mál. Samband Sveitarfélaga, bréf dags. 24. okt. sl., þar sem kynnt er áætlun um staðgreiðslutekjur árána 2001 og 2002. Lagt fram til kynningar.
8. mál. SSA bréf dags. 30. okt. sl. Varðandi árgjöld 2002. Lagt fram til kynningar.
9. mál. Ýmsar fundargerði og mál.
 - a) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 3. okt. sl.
 - b) Héraðsnefnd Múlasýslna, varðandi aðalfund nefndarinnar 13. nóv. nk.
 - c) Bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 19 okt. sl. varðandi aðalfund 6.nóv. nk.Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
10. mál. Önnur mál: Lagt fram bréf dags 1. nóv. sl., varðandi nýtt landskerfi bókasafna. Samþykkt var að Vopnafjarðarhreppur gerist stofnaðili að hlutafélagi um landskerfi bókasafna, en það er nýtt upplýsingakerfi sem þjóna á öllum bókasöfnum á landinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið